

**Hraðahindranir.**

1. Hindrun á lóðamörkum Aðalgötu 19 og 21.
2. Hindrun á Múlavegi sunnan Múlatinds.
3. Hindrun á Hlíðarvegi fyrir norðan hús nr. 48.

**Gangbrautir.**

1. Á Aðalgötu austan útibús KEA að gangstíg austan götunnar.
2. Á Aðalgötu austan verslunarinnar Valberg.
3. Á Aðalgötu við lóðarmörk Ólafsvogar 1 og Gunnólfsgötu 2.
4. Á hraðahindrun á Aðalgötu á lóðarmörkum Aðalgötu 19 og 21.
5. Á Aðalgötu við gatnamót Ægisbyggðar og Ólafsvogar.
6. Á Ægisgötu vestan gagnfræðaskóla.
7. Á Bylgjubygð við hús nr. 10.
8. Á Kirkjuvegi við gatnamót við Aðalgötu.
9. Á Strandgötu við gatnamót við Aðalgötu.
10. Á Vesturgötu við gatnamót við Aðalgötu.

Allar eldri samþykktir um umferðarmál í Ólafsfirði eru felldar úr gildi með samþykkt þessari. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

*Lögreglustjórinn í Ólafsfirði, 10. júní 1994.*

**Kjartan Þorkelsson settur.**

1. júlí 1994

Nr. 398

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. júní 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000 frá 8. desember 1982.

Breytingin er í því fólgin, að landnotkun á svæði milli Hamrabergs, Vörðubergs og Tinnubergs breytist úr iðnaði/þjónustu í íbúðarsvæði. Ennfremur breytist umferðartenging við Garðabæ á þann veg, að hún verður um Vörðuberg í stað Tinnubergs.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytið, 1. júlí 1994.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*